



Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 10. árgangur, 4. maí 2018

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Valgreinar

Nú er valgreinabæklingur fyrir næsta vetur tilbúinn og þurfa verðandi nemendur á unglingastigi, 8.-10. bekk, að velja sér námsgreinar. Bæklingurinn og valblöðin eru aðgengileg á heimasíðu skólans á eftifarandi slóð: <http://www.naustaskoli.is/is/nemendur/valgreinar>

Unicef-dagur 14. maí

Mánudaginn 14 maí munu nemendur Naustaskóla hlaupa til góðs og safna áheimum fyrir Unicef líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Við biðjum ykkur að taka vel á móti nemendum í leit að áheimum. Gefin hafa verið út myndbönd í tengslum við daginn sem fjalla um lofstlagsbreytingar og áhrif þeirra á réttindi barna og hvetjum við nemendur og foreldra til að kynna sér þau—slóðin er: <https://www.youtube.com/playlist?list=PLmoSvq6M6wmoIKM38t1HC1vAnda8RulmS>

Heimasíða Unicef: <https://unicef.is/>



Frídagar í maí

Eins og stundum áður eru allnokkrir frídagar í maí. 1. maí bar upp á þriðjudegi, uppstigningardagur verður 10. maí og þá er 21. maí annar í hvítasunnu. Þessa daga er frí í skólanum og þar að auki er starfsdagur 22. maí og frí hjá nemendum. Þann dag er hins vegar opið í Frístund frá 8-16.



Kæra skólasamfélag

Kæra skólasamfélag!

Nú fer þessu skólaári senn að ljúka og stutt í sumarfrí. Framundan eru margir skemmtilegir skóladagar með margs konar viðburðum, s.s. útskriftarferð 10. bekkjar, frjálsípróttamót miðstignemenda og vorþemadagar. Við ætlum einnig að hafa UNICEF dag eins og venjulega, þar sem nemendur skólans safna áheimum til styrktar góðu málefni. Allir viðburðir verða kynntir jafnóðum í vikupóstum frá kennurum og á heimasíðu skólans. Biðjum við ykkur að fylgjast vel með þeim upplýsingum sem þar koma fram. Við vinnum nú að undirbúningi næsta skólaárs, stundataflan er að verða til og skóladagatal næsta skólaárs er komið á heimasíðu skólans. Skipan kennsluteyma næsta vetrar er enn í mótun en verður formlega kynnt í næsta fréttabréfi sem kemur út í byrjun júní.

Við hlökkum til þessara síðustu skóladaga sem framundan eru og vonumst eftir að veðrið leiki við okkur þessa síðustu skóladaga.

Bryndís, Alla og Þorgeir



Nú teljum við niður dagana þar til opnað verður inn á nýju skólalóðina!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Fristund sími 460-4111

Lestrarátak og rithöfundarheimsókn

Föstudaginn 27. apríl sl. var tveggja vikna lestrarátaki hrint af stað í skólanum. Nemendur eru hvattir til þess að vera duglegir að lesa og yndislestrarstundum í skólanum fjölga á meðan áttakinu stendur. Þá setjast nemendur og starfsfólk í „höfundastól“ og segja frá bókinni sem þau eru að lesa. Arnar Már Arngrímsson, rithöfundur, kom í heimsókn þegar átakið hófst og var með skemmtilega hugvekju ásamt því að lesa upp úr bók sinni Sölvasaga unglings.

Allir að lesa!



Arnar Már rithöfundur



Nemandi í höfundastól

Þörupiltar

Foreldrafélag Naustaskóla bauð nemendum í 9. og 10. bekk á sýninguna Þörupilta í Hofi nýverið. Um er að ræða skemmtilega leiksýningu/uppistand sem fjallar um kynfræðslu á nýstárlegan hátt með húmorinn í fyrirrúmi. Leikkonurnar Alexía Björg Jóhannsdóttir, María Pálsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir leika þörupilta og eru nemendur og kennarar almennt sammála um að sýningin sé bæði myndin og fróðleg. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir boðið!



10. bekkur heimsótti MTR

Fimmtudaginn 3. maí fóru nemendur í 10. bekk í heimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga. Þar er margt spennandi nám í boði en skólinn hefur getið sér gott orð fyrir skapandi starf og fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur höfðu gaman af ferðinni og þökkum við Menntaskólanum á Tröllaskaga kærlega fyrir viðtökurnar.



Skólaferðalag 10. bekkjar

Skólaferðalag nemenda í 10. bekk er í lok maí, en haldið verður af stað þriðjudaginn 29. maí og komið heim á ný 1. júní. Hópurinn leggur land undir fót og heimsækir Skagafjörð og höfuðborgarsvæðið.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Maí 2018

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		1. Verkalýðsdagurinn—frí	2. Ofnsteiktur fiskur í kryddolíu, kartöflur og salatbar Ávextir	3. Lambapottréttur, hrísgrjón og rifnar gulrætur Ávextir	4. Pylsupasta og salatbar Ávextir	5.
6.	7. Ofnbakaður fiskur í sveppastasósu, hrísgrjón og salatbar Ávextir	8. Slátur, kartöflur, rófur og jafningur Ávextir	9. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, tómatsósa og salatbar Ávextir	10. Uppstigningardagur—frí	11. Hrísgrjónagrautur og slátur Ávextir	12.
13.	14. Svikinn héri, kartöflur, salat, grænar baunir og piparsósa Ávextir	15. Ofnbakaður lax, kartöflur, hunangsdressing og salatbar Ávextir	16. Kjöt og karrý Ávextir	17. Fiskipottréttur, kúskús og gúrka Ávextir	18. Aspassúpa, brauð og salatbar Ávextir	19.
20.	21. Annar í hvítasunnu—frí	22. Mexíkósk kjúklingsúpa og salatbar Ávextir Starfsdagur Frístund opin 8-16.	23. Grænmetisbuff, hrísgrjón, gúrka og salatdressing Ávextir	24. Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur, lauksmjör og salatbar Ávextir	25. Nautapottréttur, sætar kartöflur og salat Ávextir	26.
27.	28. Plokkfiskur, rúgbrauð og gúrka Ávextir	29. Kjötbollur, kartöflur, rauðkál og salat Ávextir 10. bekkur í skólaferðalagi	30. Steikur fiskur í raspi, hrísgrjón, hvítlauksdressing og salatbar Ávextir 10. bekkur í skólaferðalagi	31. Hamborgari og franskar Ávextir Vorþemadagur 10. bekkur í skólaferðalagi	1. júní Makkarónusúpa, brauð, álegg og salatbar Ávextir Vorþemadagur 10. bekkur í skólaferðalagi	2. júní

Starfsdagur 22. maí—Frístund opin frá 8-16.

Skólaslit Naustaskóla verða 6. júní